

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands miðvikudaginn 6. júní 2007 í máli nr. S-39/2007:

Ákærvaldið

(*Helgi Jensson sýslumannsfulltrúi*)

gegn

Jóhanni F Helgasyni

(*Jón Jónsson hdl*)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 26. apríl 2007 að aflokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru sýslumannsins á Eskifirði, útgefinni 16. febrúar 2007, á hendur Jóhanni F Helgasyni, kt. 000000-0000, Tungumel 11, Reyðarfirði “fyrir tollalagabrot, með því að hafa við innflutning vörusendingar með sendingarnúmerið E BRU 29 08 6 US EVE W220 sem kom í gámi til Reykjavíkur frá Bandaríkjunum, þriðjudaginn 29. ágúst 2006, með flutningaskipinu Brúarfossi, eigi tilgreint með réttum hætti í skýrslum til tollayfirvalda, dagsettum 4. september 2006, eftirtalinn varning sem í sendingunni var, annað hvort með því að gera enga grein fyrir sumum hlutanna og hins vegar með því að telja suma hlutina upp á lista yfir notaða heimilismuni sem sagðir voru hafa verið í eigu ákærða og /eða fjölskyldu hans í a.m.k. eitt ár, en sem voru í raun keyptir sumarið 2006, og ætlað þannig að komast hjá greiðslu aðflutningsgjalda að fjárhæð kr. 425.287-:

Engin grein var gerð fyrir eftirfarandi varningi:

1. Rauðvín, 12 flöskur, 750 ml. hver flaska, tegund Charles Shaw 2005, California Shiraz, með 12,5% af vínanda, ætluð aðflutningsgjöld kr. 6.246-.
2. Hvítvín, 12 flöskur, 750 ml. hver flaska, tegund Trellis Vineyards 2002, Sonoma Country Chardonnay, með 12,5 % af vínanda, ætluð aðflutningsgjöld kr. 6.246-.
3. Eitt Suzuki motorhjól model JR50K4, árgerð 2004, að verðmæti kr. 65.029-, ætluð aðflutningsgjöld kr. 45.236-.

4. Eitt Suzuki motorhjól model RM250K6, árgerð 2006, að verðmæti kr. 412.499-, ætluð aðflutningsgjöld kr. 285.279-.

Eftirfarandi varningur var á lista, yfir notaða heimilismuni sem sagðir voru hafa verið í eigu ákærða og /eða fjölskyldu hans í a.m.k. eitt ár:

1. Eitt rafmagnsverkfærasett, tegund De Walt, DC5KITA, 18 volt, Tool Combo Kit, að verðmæti kt. 36.521-, ætluð aðflutningsgjöld kr. 10.016-.
2. Einn LCD flatskjár, 19 tommu, tegund View Sonic VA912, 19" Digital LCD Display, að verðmæti kr. 14.638-, ætluð aðflutningsgjöld kr. 4.014-.
3. Ein fartölva tegund Asus Model A8F, að verðmæti kr. 73.190-, ætluð aðflutningsgjöld kr. 20.073.
4. Ein fartölva tegund Dell Model PP18L, að verðmæti kr. 109.785-, ætluð aðflutningsgjöld kr. 30.110-.
5. Einn flatskjár 42 tommu, tegund Sony Flat Panel Display 42 PV, ásamt veggfestingu, að verðmæti kr. 131.742-, ætluð aðflutningsgjöld kr. 36.132-.

Telst þetta varða við 1. mgr. 172. gr., sbr. 1. mgr. 4. tl. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar sbr. 172. gr. tollalaga nr. 88/2005 og jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að sæta upptöku á ofan nefndum varningi, sbr. 1. mgr. 181. gr. tollalaga nr. 88/2005."

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara að málinu verði vísað frá dómi. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, greiðist úr ríkissjóði.

II.

Málavextir

Í frumskýrslu tollgæslunnar á Eskifirði, sem dagsett er 5. október 2006, segir að föstudaginn 8. september 2006 kl. 15.00 hafi tollverðir skoðað í gám með búslóð, sem komið hafi til landsins með sendingarnúmerinu E BRU 29086 US EVE W220. Innflytjandi gámsins hafi verið ákærði í máli þessu. Í skýrslunni segir að gámurinn, sem sendingin hafi komið með til landsins, hafi skemmst og hafi búslóðinni verið

umhlaðið í annan gám af starfsmönnum Eimskipafélagsins í Reykjavík. Við skoðun í gámnum hafi komið í ljós mótörhjól og áfengi, sem ekki hafi verið gerð grein fyrir í aðflutningskýrslum. Hætt hafi verið við afhendingu sendingarinnar og hafist handa við ítarlega leit mánudaginn 11. september 2006. Við þá leit hafi komið í ljós annað mótörhjól sem ekki hafi verið gerð grein fyrir, auk varnings sem enn hafi verið í órofnum verslunarumbúðum og keyptur fyrir á árinu. Þessir munir hafi ekki verið taldir upp á lista yfir muni, sem hefðu verið í eigu innflytjanda og fjölskyldu hans skemur en eitt ár. Innflytjandi hafi síðar komið með gögn varðandi mótörhjólin.

Með aðflutningskýrslum hafi fylgt yfirlýsing vegna innflutnings á heimilismunum. Þar hafi verið tilgreindir heimilismunir sem fjölskyldan hefði átt skemur en eitt ár, þ.e. gasgrill að verðmæti 700 bandaríkjadalar og verkfærasett að verðmæti 450 bandaríkjadalar. Á yfirlýsingunni sé hins vegar vísað í lista um heimilismuni sem fjölskyldan hefði átt í að minnsta kosti eitt ár. Um sé að handskrifaðan lista á gulu blaði. Þar að auki hafi ákærði fyllt út innihaldslista merktan skipafélaginu vegna flutningsins og tryggingarmála.

Ekki hafi verið gerð grein fyrir eftirfarandi munum:

12 flöskum af rauðvíni, 750 ml. hver flaska, af tegundinni Charles Shaw 2005, California Shiraz, 12,5% af vínanda.

12 flöskum af hvítvíni, , 750 ml. hver flaska, af tegundinni Trellis Vineyards 2002, Sonoma Country Chardonnay, 12,5 % af vínanda.

Einu Suzuki mótörhjóli, módel JR50K4, árgerð 2004. Reikningur dags. 29. júlí 2006 á nafni Hjalta Reynissonar að fjárhæð 888,50 bandaríkjadalar.

Einu Suzuki mótörhjóli, módel RM250K6, árgerð 2006. Reikningur dags. 29. júlí 2006 á nafni Hjalta Reynissonar að fjárhæð 5.636 bandaríkjadalar.

Einn flatskjár af tegundinni Sony, 42 PV 1 ásamt veggfestingum, að verðmæti 1.800 bandaríkjadalar.

Að auki hafi eftirfarandi hlutir, sem hafi verið á lista, yfir notaða heimilismuni og sagðir hafa verið í eigu fjölskyldu ákærða í a.m.k. eitt ár, verið í gáminum. Tollgæslan hafi talið að þessir munir hefðu verið keyptir á síðustu mánuðum.

Einn flatskjár af tegundinni Sony, 42 PV, ásamt veggfestingum, að verðmæti 1.800 bandaríkjadalar.

Eitt gasgrill af tegundinni Jenn-Air að verðmæti 600 bandaríkjadalar.

Eitt rafmagnsverkfærasett, af tegundinni De Welt, DC5KITA, 18 volt, að verðmæti 500 bandaríkjadalar.

Einn flatskjár af tegundinni View Sonic VA912, 19" Digital LCD Display, að verðmæti 200 bandaríkjadalar.

Ein fartölva af tegundinni Asus, módel A8F, að verðmæti 1.000 bandaríkjadalir.

Ein fartölva af tegundinni Dell, módel PP18L, að verðmæti 1.500 bandaríkjadalir.

6 stykki motorcraft Rotor disque.

Rúm frá fyrirtækinu Stanley Furniture Company, þ.e. einn höfuðgafl, einn fótgafl, eitt stykki twin/full wood rails, eitt stykki twin slat Roll.

Rúm frá fyrirtækinu Vaughan Furniture Company, þ.e. einn höfuðgafl, einn fótgafl og eitt stykki T/wood rails.

Að sögn ákærða hafi rúmin kostað samtals 700 bandaríkjadali. Fram kemur í skýrslunni að önnur verð eru einnig samkvæmt upplýsingum frá ákærða.

Í skýrslunni segir að allir þessir munir hafi verið í órofnun verslunarumbúðum fyrir utan minna mótörhjólíð og grillin. Merkingar á umbúðunum hafi gefið til kynna að þessir hlutir hafi verið keyptir fyrir á árinu, þ.e. sendir eða afhentir á bilinu 17. til 27. júlí 2006. Reikningar vegna kaupa á mótörhjólunum séu dagsettir 29. júlí 2006. Umræddir hlutir hafi því allir virst vera keyptir í júlí eða um einum mánuði áður en þeir komu til Íslands.

Lagt hafi verið hald á ofangreinda muni að frátöldu gasgrilli og rúmum sem ákærði hafi sérstaklega farið fram á að fá afhent. Aðrir munir úr búslóðinni hafi einnig verið afhentir þar sem þeir hafi borið með sér að hafa verið notaðir og hafi verið sérstök ástæða til að ætla að þeir væru yngri en eins árs. Ákærði hafi verið beðinn um að upplýsa um kaupverð fyrrgreindra muna og hafi hann gert það með tölvupósti til tollgæslunnar 27. september 2006.

Fjölskylda ákærða, þ.e. tveir fullorðnir og tvö börn undir 17 ára aldri, hafi haft heimild til tollfrjáls innflutnings á heimilismunum sem hún hafi átt skemur en eitt ár að andvirði 300.000 krónur að smásöluverði á innkaupsstað, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. rgl. nr. 797/2000 um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum. Miðað við tollafgreiðslugengi bandaríkjadals á innflutningsdegi, 73,19 íslenskar krónur, hafi uppgafið verðmæti þeirra heimilismuna sem fjölskyldan hafi átt skemur en eitt ár og sem ákærði hafi gert sérstaka grein fyrir numið samtals 84.168 krónum, þ.e. gasgrill og verkfærasett samtals að vermæti 1.150 bandaríkjadalir. Verðmæti gasgrills og rúma sem ákærði hafi einnig fengið afhent hafi samtals verið 95.147 krónur miðað við uppgafið verðmæti að fjárhæð 1.300 bandaríkjadalir.

Samanlagt hafi verðmæti þessara muna munið 179.315 íslenskum krónum. Ónýtt tollfrelsisheimild fyrir heimilismuni yngri en eins árs hafi því verið 120.684 krónur. Innflytjanda hafi verið boðið að velja sér muni úr haldlögðum varningi upp í umrædda heimild. Eiginkona ákærða hafi valið einn Sony flatskjá, 42 PV 1 ásamt veggfestingum, að verðmæti 1.800 bandaríkjadalir og hafi hann verið afhentur henni.

Eftir hafi því staðið umræddir munir, sem hafi verið haldlagðir og í vörslu tollgæslunnar:

Munir sem ekki hafi verið gerð grein fyrir:

12 flöskur af rauðvíni, 750 ml. hver flaska, af tegundinni Charles Shaw 2005, California Shiraz, 12,5% af vínanda.

12 flöskur af hvítvíni, , 750 ml. hver flaska, af tegundinni Trellis Vineyards 2002, Sonoma Country Chardonnay, 12,5 % af vínanda.

Eitt Suzuki motorhjól, módel JR50K4, árgerð 2004.

Eitt Suzuki motorhjól, módel RM250K6, árgerð 2006.

Einn flatskjár af tegundinni Sony, 42 PV 1 ásamt veggfestingum, að verðmæti 1.800 bandaríkjadalir.

Munir, sem tollgæsla taldi að hefðu verið í eigu ákærða og fjölskyldu hans skemur en eitt ár:

Eitt rafmagnsverkfærasett, af tegundinni De Welt, DC5KITA, 18 volt.

Einn flatskjár af tegundinni View Sonic VA912, 19" Digital LCD Display.

Ein fartölva af tegundinni Asus, módel A8F.

Ein fartölva af tegundinni Dell, módel PP18L.

Sex stykki motorcraft rotor disque.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum.

Ákærði neitaði sakargiftum. Hann sagði að í apríl eða maí hefði honum verið boðið starf hjá Alcoa á Reyðarfirði frá og með 1. september. Síðar hefði verið farið fram á að hann hæfi störf mánuði fyrr og því hefði flutningurinn heim borið brátt að og gerst með meiri hraða en til hefði staðið. Hann sagðist lítið hafa komið að pökkun búslóðarinnar og ekki verið viðstaddur þegar henni hefði verið hlaðið í gáminn. Hann sagði að eiginkona hans hefði að stærstum hluta séð um að pakka búslóðinni en þó hefði hann aðeins hjálpað til við það á kvöldin. Hann sagði að hlaðið hefði verið í gáminn á tveimur klukkutímum. Búslóðin hefði þá verið tilbúin í íbúðinni. Mótorhjólin hefðu hins vegar komið beint í gáminn þaðan sem þau voru keypt. Ákærði sagðist ekki hafa annast kaupin á mótorhjólunum og ekki séð þegar þau voru sett í gáminn. Hann hefði því ekki vitað af því að þau væru þar. Þá sagðist ákærði ekki hafa vitað af áfenginu og fartölvunum, sem verið hefðu í gámnum, heldur hefði eiginkona hans komið þessum hlutum fyrir þar. Ákærði sagðist hins vegar hafa vitað af verkfærasettinu.

Aðspurður sagði ákærði að þetta hefði verið í annað skiptið sem hann og eiginkona hans hefðu flutt búslóð til Íslands. Þau hefðu verið í námi í Danmörku og flutt þaðan aftur til Íslands. Að þremur árum liðnum hefðu þau flutt aftur til Danmerkur

vegna vinnu og síðan frá Danmörku til Bandaríkjana. Hann sagði að eiginkona hans hefði gert lista yfir búslóðina, en sá listi hefði týnst. Hann sagðist ekki hafa skoðað þennan lista og ekki rætt um innihald gámsins við eiginkonu sína. Aðspurður sagðist hann ekki hafa kynnt sér sérstaklega þær reglur sem giltu um innflutning búslóða áður en hann flutti til Íslands. Hann sagðist þó hafa vitað að einstakir hlutir í búslóðinni þyrftu að hafa verið í eigu viðkomandi í einhvern tíma til uppfylla skilyrði þess að flytja þá tollfrjálst inn sem hluta af búslóð. Hann sagðist þó ekki hafa vitað að miðað væri við eitt ár.

Hann sagði að þegar gámurinn hefði komið austur hefði Jóhanna, starfsmaður Eimskipafélagsins, hringt í hann og beðið hann um að koma á skrifstofuna til að fylla út pappíra. Sagðist hann hafa mætt á skrifstofuna til hennar og skrifað undir viðeigandi pappíra og um leið gengið frá tryggingum vegna flutnings á gámnum. Fimm mínútum síðar hefði annar starfsmaður Eimskipafélagsins hringt og tilkynnt að gat hefði komið gáminn. Einnig hefði hann spurt að því hvort þeir mættu opna gáminn. Sagðist hann hafa gefið leyfi til þess.

Aðspurður sagðist ákærði hafa fyllt út skýrslu á skjali merktu IV, 2-1, einfaldari tollskýrslugerð. Hann sagði að starfsmaður Eimskipafélagsins hefði rétt honum þetta eyðublað og hann treyst því að um rétt eyðublað væri að ræða. Starfsmaðurinn hefði vitað að hann væri að flytja frá Bandaríkjunum og væri að flytja inn búslóð. Hann sagðist einnig hafa fyllt út og ritað undir yfirlýsingu á skjali merktu IV, 3-1. Á þessu eyðublaði væri ekki nóg pláss til að skrá notaða heimilismuni og því hefði hann skráð lista yfir þá á gula blaði á skjali merktu IV, 4-2. Á þessari stundu hefði hann aðeins munað eftir gasgrillinu og verkfærasettinu sem nýjum heimilismunum. Sagðist hann hafa fyllt út þessa pappíra eftir fremsta megni og í góðri trú. Nánar aðspurður sagðist ákærði þó hafa vitað af flatskjánum í gámnum, en sagðist ekki hafa munað eftir þeim þegar hann gerði innihaldslistana. Sagðist hann ekki hafa verið að vanda sig þegar hann gerði þessa lista og það væri líkleg skýring þess að hann hefði aðeins skráð einn flatskjá á gula blaðið í stað þriggja. Ákærði sagðist hafa átt tvær borðtölvur og haldið að þær væru í gámnum og því skráð á gula blaðið: 2 tölvur + skjáir. Aðspurður sagðist ákærði ekki hafa leitað eftir upplýsingum frá starfsmanni Eimskipafélagsins um hvaða reglur giltu um innflutning búslóða.

Hann sagði að þegar hann hefði verið búinn að fylla út þessa pappíra á skrifstofu Eimskipafélagsins hefði gámurinn átt að koma á föstudegi. Þann dag hefði verið hringt í eiginkonu hans og henni tjáð að ekki væri hægt að tollafgreiða gáminn þar sem í honum hefði fundist áfengi og eitt mótörhjól. Eiginkona hans hefði þá tjáð honum að hún hefði keypt tvö mótörhjól úti og ætlað að koma honum á óvart. Annað hefði verið ætlað honum en hitt dóttur þeirra. Sagði ákærði að hann hefði alltaf langað í svona hjól en ekki látið verða af því að eignast það. Eiginkona hans hefði síðan dregið fram reikninga vegna kaupa á hjólunum og í ljós hefði komið að Hjalti vinur þeirra hefði aðstoðað hana við að kaupa hjólin og látið senda þau til þeirra á meðan verið var að hlaða í gáminn. Að morgni mánudags hefði hann haft þessi gögn með sér á athafnasvæði Eimskipafélagsins og afhent þau tollvörðum. Hefði hann komið að þar sem tollverðir hefðu verið að taka búslóðina úr gámnum. Þeir hefðu tjáð honum að fleira væri í gámnum, sem leggja þyrfti hald á og að finna yrði verðmæti hins haldlagða. Hann staðfesti að hann hefði fengið að nýta heimild til að flytja inn muni, sem hefðu verið í eigu fjölskyldunnar skemur en eitt ár, þ.e. tvö gasgrill, verkfærasett, rúm og flatskjá samtals að verðmæti rúmlega 300.000

krónur.

Hann sagði að daginn, sem búslóðin hefði verið borin út í gáminn, hefði hann farið að heiman um morguninn til að sinna viðskiptavinum og síðar hefði hann farið í ýmsar útréttingar. Þegar hann hefði komið heim hefði aðstoðarfólk þeirra verið að enda við að setja reiðhjólin í gáminn og loka honum. Hann sagði að eiginkona hans hefði unnið heima á meðan þau bjuggu í Bandaríkjunum og séð alfarið um heimilishald og innkaup til heimilisins. Hann sagði að vinafólk þeirra Hjalti og Guðrún, hefðu hjálpað þeim við að bera búslóðina út í gám, sem og kínverskt vinafólk þeirra og Hafsteinn, sem hefði verið staddur þarna úti vegna vinnu og verið hjá þeim í tvo daga. Hann sagði að þau hefðu engar leiðbeiningar fengið frá Eimskipfélaginu um hvað flytja mætti inn sem búslóð. Þau hefðu verið án búslóðar í nokkrar vikur eftir að þau komu til Íslands og því hefði þeim legið mjög á að fá gáminn afhentan. Hann sagðist síðar hafa afhent öll gögn og upplýsingar um verðmæti hlutanna af fúsum og frjálsum vilja, en honum hefði hins vegar ekki verið leiðbeint um það að hann hefði hugsanlega stöðu sakbornings í málinu.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 31. október 2006 sem er í meginráttum í samræmi við ofangreint. Þar skýrði ákærði þó það misræmi, sem reyndist vera á aðflutningsskýrslu og innihaldi gámsins, með því að um mistök og hugsunarleysi af hans hálfu hefði verið að ræða. Að því er mótörhjólin varðar bar ákærði hins vegar á sama hátt hjá lögreglu og hér fyrir dómi.

Elín Hrönn Einarsdóttir, eiginkona ákærða, kaus að tjá sig ekki um sakarefnið fyrir dómi með vísan til heimildar í 51. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Samkvæmt lögregluskýrslu var hringt í hana og tekin af henni skýrsla í gegnum síma hinn 28. nóvember 2006. Þar er haft eftir henni að hún hafi pakkað búslóðinni í gám úti í Bandaríkjunum, en ákærði hafi verið í mikilli vinnu og auk þess farið til Íslands á undan fjölskyldunni eða um mánuði fyrr. Hún hafi tekið það fram að þetta hefði gerst í miklum flýti en talsverð pressa hefði verið á þeim að koma strax til Íslands til að taka við þeim störfum sem þau hefðu ráðið sig til hjá Alcoa-Fjarðaáli á Reyðarfirði. Hún hefði sett vélhjól í gáminn en gleymt að segja ákærða frá því að þegar hann hefði gert aðflutningsskýrslurnar fyrir tollgæsluna. Það hefði hins vegar alls ekki verið af ásetningi gert að greina ekki frá vélhjólunum og öðru sem í gámnum var heldur hefðu þau hjónin ekki áttað sig á þeim reglum sem um innflutninginn giltu.

Stefán Bjargmundsson, deildarstjóri tollgæslunnar á Eskifirði, sagði að starfsmaður Eimskipafélagsins hefði haft samband við tollgæsluna fyrir hádegi á föstudegi og tjáð þeim að gámur með búslóð væri kominn austur og hvort hægt væri að afgreiða hann fyrir helgina. Þeir hefðu tekið vel í það og eftir hádegi hefðu þeir farið á athafnasvæði Eimskipafélagsins og opnað gáminn til að athuga hvort innihald hans væri í samræmi við upplýsingar í tollskýrslum. Strax hefði komið í ljós að svo var ekki og því hefði gámnum verið lokað aftur og hann innsiglaður. Eftir helgina hefði síðan allt verið týnt út úr gámnum til að athuga hverju hefði verið gerð grein fyrir og hverju ekki.

Hann sagði að á föstudeginum hefði tollgæslunni borist einföld aðflutningsskýrsla með þeim gögnum, sem henni þurfi að fylgja. Þegar þeir hefðu verið komnir með þessara pappíra í hendur hefðu þeir getað skoðað í gáminn til að athuga hvort innihald hans væri í samræmi við tollskýrslur. Þegar tollverðir hefðu verið hálfnaðir

með að skoða í gáminn á mánudeginum hefði ákærði komið á svæðið og talað við þá. Ákærði hefði beðið sérstaklega um það að fá afhent ný rúm, sem hefðu verið í gámnum, og hefði það verið gert. Hann sagði að langstærstur hluti búslóðarinnar hefði verið notaðir búsmunir og þegar þeir hefðu verið búnir að fara í gegnum allan gáminn á mánudegi eða þriðjudegi hefðu þessir notuðu búsmunir verið afhentir ákærða, en hald lagt á nýja hluti og þá sem ekki hafði verið gerð grein fyrir. Áður hefði hins vegar hefði verið passað upp á það að ákærði og fjölskylda hans nyti heimildar tollalaga um tollfrjálsan innflutning á nýjum heimilismunum að andvirði 300.000 krónur. Einnig hefðu bremsudiskar í órofnum verslunarumbúðum verið afhentir ákærða þar sem engar dagsetningar hefðu verið á umbúðunum.

Þessu næst hefði ákærði verið beðinn um að veita upplýsingar um verðmæti hinna haldlögðu hluta, sem hann hefði síðan gert með því að gefa upp verð þeirra í tölvupósti. Ákærði hefði hins vegar nánast strax, þ.e. á mánudegi eða þriðjudegi, framvísað reikningum vegna mótorhjólanna. Í framhaldi af þessu hefði tollgæslan gert skýrslu í málinu. Hann staðfesti að hafa gert og undirritað skýrslu Tollgæslu vegna málsins dags. 5. október 2006.

Aðspurður sagði hann að eyðublað E8, einfaldari tollskýrslugerð, væri notað þegar verið væri að flytja inn tollfrjálsan varning, en þá mættu engar tollskyldar vörur vera í viðkomandi sendingu. Þá sagði vitnið að með skýrslunni hefði fylgt yfirlýsing vegna innflutnings á heimilismunum á skjali IV, 3-1 og innihaldslisti á gulu blaði. Einnig hefði fylgt með pappírur ákærða innihaldslisti merktur Eimskipafélaginu á skjali IV, 4-1, en ekki væri skilyrði að það eyðublað fylgdi tollskýrslunni. Hann staðfesti að hafa unnið gögn um áætluð aðflutningsgjöld á mótorhjólunum á skjölum IV, 6-4 og 7-4. Hann sagði að vélknúin, skráningar skyld ökutæki gætu aldrei fallið undir búslóð, en slík tæki, áfengi og búnaður og tæki, sem ætluð væru til atvinnurekstrar væru sérstaklega undanþegin heimild um tollfrjálsan innflutning heimilismuna. Hann staðfesti og að hafa unnið gögn á skjölum, IV, 8-1, 9-1, 10-1, 11-1 og 12-1. Hann sagði að á verslunarumbúðum þessara vara hefðu verið dagsetningar, annað hvort kaupdagur eða sendingardagur. Hann sagði að aðflutningsgjöld varanna væru áætluð samkvæmt upplýsingum frá ákærða um verð þeirra, en hann sagðist hafa sannreynt þessi verð með athugun á netinu. Aðflutningsgjöld mótorhjólanna væru hins vegar byggð á framvísuðum reikningum. Loks sagðist hann hafa unnið gögn á skjölum IV, 13-1 og 13-2 og áætlað áfengisgjald af því áfengi sem fundist hefði í gámnum.

Aðspurður sagði hann að ákærði hefði einn komið fram gagnvart tollyfirvöldum sem innflytjandi búslóðarinnar. Strax og í ljós hefði komið að ekki var hægt að afgreiða gáminn fyrir helgina hefði ákærði áttað sig á því hvað var í gangi og að tollyfirvöld hefðu málið til skoðunar. Tollgæslan hefði einnig strax lagt hald á ákveðnar vörur í gáminum, sem ekki hefðu fullnægt reglum um tollfrelsi.

Hann sagði að stóra mótorhjólíð hefði verið fremst í gáminum og blasað við þegar hann hefði verið opnaður. Hann sagði að rannsókn málsins hefði hafist um leið og í ljós hefði komið að ekki var hægt að afgreiða gáminn í samræmi við reglur um tollfrjálsan innflutning búslóða. Í fyrstu hefði rannsóknin beinst að því að athuga hvort samræmi væri á milli tollskýrslna og innihalds gámsins. Á því stigi hefði ákærða ekki verið kynnt að hann hefði réttarstöðu sakbornings og ekki tjáð að honum væri óskýlt að tjá sig og framvísa gögnum. Engar formlegar skýrslur hefðu hins vegar verið teknar af ákærða af tollyfirvöldum heldur hefði verið óskað eftir

Því að lögregla tæki skýrslu af ákærða.

Óskar Þór Hallgrímsson, tollvörður, sagði að í greint sinn hefði borist tilkynning frá Eimskipafélaginu um að það væri að koma búslóð frá Bandaríkjunum. Einnig að gámurinn hefði orðið fyrir skemmdum og að innhaldi hans hefði verið umhlaðið í annan gám í Reykjavík. Tollgæslan hefði ákveðið að skoða í gáminn og við þá athugun hefði komið í ljós að gámnum voru hlutir, sem ekki hafði verið gerð grein fyrir í tollskýrslum. Gámnum hefði því verið lokað aftur og innihald hans skoðað betur síðar að ákærða viðstöddum. Hann sagði að þegar þeir hefðu séð mótórhjólin tvö í gáminum hefðu þeir hringt í eiginkonu ákærða og látið hana vita af því að tollafgreiðsla gámsins myndi tefjast. Aðspurður af verjanda sagðist hann ekki hafa gert ákærða grein fyrir því að hann hefði réttarstöðu grunaðs manns og að honum væri óskýlt að tjá sig eða afhenda gögn. Hann sagði að ef fólk óskaði eftir að starfsmenn Tollgæslunnar aðstoðuðu við útfyllingu tollskýrslna væri það gert. Hann sagðist ekki vitað til þess að ákærði hefði leitað eftir slíkum upplýsingum eða leiðbeiningum frá Tollgæslunni.

Hafsteinn Viktorsson sagðist hafa aðstoðað ákærða við að pakka búslóð sinni í Bandaríkjunum áður en hann flutti til Íslands. Sagðist hann hafa ráðið ákærða í vinnu hér á landi og þrýst mjög á hann að koma til landsins sem fyrst. Hann sagðist hafa heyrt á ákærða að miklar annir voru hjá honum og fjölskyldu hans. Þannig hefði viljað til að hann hefði verið að fara á fund í Boston um svipað leyti og því hefði hann flogið út tveimur dögum fyrir fundinn til að hjálpa ákærða og fjölskyldu hans að bera búslóðinni út úr húsinu. Sagðist hann hafa komið daginn áður og gist hjá ákærða og fjölskyldu hans um nóttina. Morguninn eftir hefði ákærði farið í vinnu og einhverjar útréttingar og ekki komið til baka fyrr en búíð hefði verið að hlaða í gáminn. Allt hefði verið á síðustu stundu og þau aðeins haft um einn til einn og hálfan klukkutíma til að hlaða í gáminn. Hann sagði að á meðan hefði bifreið birst með mótórhjólin og þau verið sett í gáminn. Hann sagðist ekki muna hvar þeim hefði verið raðað í gáminn. Þá sagðist hann ekki vita hvort innihald gámsins hefði verið skráð niður.

Jóhanna Kristín Malmquist, starfsmaður Eimskipafélagsins, sagðist hafa afgreitt gám ákærða í umrætt sinn. Hún sagði að í afgreiðslu Eimskipafélagsins væru eyðublöð frá Tollgæslunni til tollskýrslugerðar og að ákærði hefði fyllt út tollskýrslur og gert lista yfir innihald gámsins á skrifstofu Eimskipafélagsins. Hún sagði að sig minnti að ákærði hefði komið á skrifstofuna á mánudegi eða þriðjudegi og fengið þessi gögn og tekið þau með sér, en síðan komið með þau aftur á skrifstofuna. Á meðan ákærði hefði verið hjá henni á skrifstofunni hefði verið hringt frá Eimskipafélaginu í Reykjavík og tilkynnt að gámur ákærða hefði orðið fyrir skemmdum.

Aðspurð af verjanda sagði hún að ákærði hefði orðið mjög hissa þegar hann frétti af mótórhjólinu í gámnum. Nánar aðspurð sagði hún að á föstudeginum þegar afgreiða hefði átt gáminn til ákærða hefði komið í ljós við athugun tollvarða að fremst í gámnum var lítið mótórhjól. Hún sagðist hafa verið viðstödd þegar tollverðir skoðuðu í gáminn, en ákærði hefði hins vegar ekki verið viðstaddur. Þar sem um tollskylda vöru var að ræða hefðu tollverðir stöðvað afgreiðslu gámsins og sagt að þeir þyrftu að skoða innihald hans betur. Tollverðir hefðu síðan látið Jóhann vita af því að afgreiðsla gámsins hefði verið stöðvuð. Eftir helgina hefðu tollverðir síðan skoðað innihald gámsins betur og hefði ákærði verið viðstaddur þá skoðun.

Þá hefði komið í ljós að í gámnum var einnig stórt glænýtt mótórhjól, sem enn hefði verið í umbúðum. Litla mótórhjólíð hefði hins vegar verið notað. Hún sagði að ákærði hefði verið hissa þegar stóra mótórhjólíð hefði komið í ljós.

Aðspurð sagðist hún ekki hafa rætt það við ákærða hvort búslóð hans uppfyllti skilyrði sem sett væru í reglum um einfaldari tollskýrslugerð (eyðublað E8). Hún sagðist ekki muna til þess að ákærði hefði óskað eftir upplýsingum frá henni um gerð tollskýrslu vegna innflutnings búslóðarinnar. Hún sagði að starfsmenn Eimskipafélagsins væru hins vegar oftast búnir að fylla út eyðublað E8, sem nefndist einfaldari tollskýrslugerð, en þetta eyðublað ætti við í flest öllum tilvikum þegar verið væri að flytja inn búslóðir. Eftir að hafa skoðað tollskýrslu ákærða á eyðublaði E8, skjal IV, 2-1, sagðist hún halda að starfsmaður Eimskipafélagsins, hefði fyllt út þessa tollskýrslu. Hún sagðist hins vegar ekki hafa vitað hvað var í gámnum, en ákærði hefði fyllt út innihaldslista. Hún sagðist ekki hafa spurt ákærða hvort búslóðin uppfyllti skilyrði þau sem sett væru í reglum um einfaldari tollskýrslugerð. Aðspurð sagði hún að ákærði hefði fyllt út eyðublöð á skjölum merktum IV, 2-1, 3-1 og 4-1 og innihaldslista á skjali merktu IV, 4-1 á skrifstofu hennar. Hún sagði að ákærði hefði ekki beðið um ráðleggingar frá sér á meðan hann fyllti út þessa pappíra. Hún sagðist ekki muna hvort hún kom þessum pappírnum til tollyfirvalda eða hvort ákærði fór með þá sjálfur.

Hjalti Reynisson sagðist hafa aðstoðað ákærða og eiginkonu hans við að bera búslóð þeirra út í gám í Bandaríkjunum áður en þau fluttust til Íslands. Búið hefði verið að pakka búslóðinni í kassa þegar hann hefði komið á svæðið, en hann hefði aðstoðað við að bera hana út úr íbúðinni og síðan að hlaða henni í gáminn. Hann sagði að á meðan gámurinn hefði verið á svæðinu hefði verið komið með mótórhjól, sem sett hefðu verið í gáminn. Sagðist hann hafa séð um kaup á hjólunum fyrir eiginkonu ákærða og því væru kaupnótur vegna þeirra stílaðar á hans nafn. Sagði hann að eiginkona ákærða hefði ætlað að koma honum á óvart með mótórhjólunum og því hefði ákærði ekki vitað að þau væru í gámnum.

Guðrún Kristjánsdóttir sagðist lítið hafa aðstoðað við að pakka búslóð ákærða og fjölskyldu hans en sagðist hafa hjálpað til við að bera búslóðina út úr íbúðinni og hlaða henni í gáminn. Hún sagðist ekki vita hversu mikið ákærði hefði komið að því að pakka búslóðinni, en sagðist vita til þess að hann hefði verið mjög upptekinn í vinnu á þessum tíma. Á meðan verið var að hlaða í gáminn hefði verið komið með tvö mótórhjól, sem sett hefðu verið í gáminn og hefði ætlunin verið sú að koma ákærða á óvart. Séð hefði verið til þess að mótórhjólin kæmu á staðinn og sett í gáminn á meðan ákærði var í burtu, en hann hefði orðið að skreppa frá til að klára einhver verkefni í vinnunni. Hún sagðist ekki hafa tekið eftir hvort einhver skráði niður það sem fór inn í gáminn.

Jónas Margeir Vilhelmsson lögreglumaður sagði að hjá lögreglustjóraembættinu á Eskifirði færi rannsókn tolllagabrota fram hjá lögreglu, þ.e.a.s. lögregla tæki skýrslu af sakborningum og vitnum og byggði málið undir frekari meðferð. Hann staðfesti að hafa tekið skýrslu af eiginkonu ákærða í gegnum síma vegna málsins.

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn 1. mgr. 172. gr. tollalaga nr. 88/2005 með því að hafa í ágúst 2006 veitt tollayfirvöldum rangar upplýsingar í aðflutningsskýrslu og meðfylgjandi gögnum við innflutning búslóðar sinnar frá Bandaríkjunum. Hin ranga upplýsingagjöf hafi annars vegar verið fólgin í því gera enga grein fyrir sumum hlutanna og hins vegar í því að skrá suma hlutina á lista yfir notaða heimilismuni, sem sagðir voru hafa verið í eigu ákærða og/eða fjölskyldu hans í a.m.k. eitt ár, en sem voru í raun keyptir sumarið 2006.

Meðal varnings sem ákærða er gefið að sök að hafa ekki gert grein fyrir í aðflutningsskýrslum eru tvö Suzuki mótórhjól, annað að vermæti 65.029 krónur og hitt að vermæti 412.499 krónur. Ákærði hefur frá upphafi rannsóknar málsins sagt að hann hafi ekki vitað af þessum mótórhjólum í búslóðargámnum þegar hann fyllti út aðflutningsskýrslu vegna innflutnings búslóðarinnar og afhenti skýrsluna tollayfirvöldum. Heldur hann því fram að eiginkona hans hafi keypt mótórhjólin með aðstoð vinar þeirra, Hjalta Reynissonar, og sett þau í gáminn að honum fjarstöddum. Hafi hjólin átt að vera óvænt gjöf til hans og dóttur hans þegar til Íslands kæmi. Þessi framburður ákærða er í fullu samræmi við framburð vitnanna Hjalta Reynissonar, Guðrúnar Kristjánsdóttur og Hafsteins Viktorssonar hér fyrir dómi, en þau segjast öll hafa hjálpað til við að hlaða búslóðinni í gáminn úti í Bandaríkjunum. Vitnin Hjalta og Guðrún hafa bæði borið um það að mótórhjólin hafi átt að vera óvænt gjöf til ákærða frá eiginkonu hans og því hafi verið séð til þess að ákærði væri ekki viðstaddur þegar þau voru sett í gáminn. Hefur Hjalta og borið um það að hafa séð um kaup á mótórhjólunum fyrir eiginkonu ákærða. Vitnið Hafsteinn Viktorsson hefur og borið um það að ákærði hafi verið í fjarstaddur þegar hlaðið var í gáminn og á meðan það hafi verið gert hafi bifreið birst með mótórhjólin innanborðs og þau verið sett í gáminn. Framburður ákærða og framangreindra vitna á sér og stoð í framlögðum reikningum vegna kaupa á mótórhjólunum, en báðir reikningarnir eru á nafni Hjalta Reynissonar. Þá eru reikningarnir dagsettir 29. júlí 2006 eða mjög skömmu áður en búslóðinni var pakkað í gáminn en fram hefur komið að það hafi verið gert síðasta dag júlímánaðar.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem hnekkja staðhæfingum ákærða um að hann hafi ekki vitað af mótórhjólunum í gámnum við innflutning búslóðarinnar. Með vísan til þeirrar meginreglu að skýra beri allan vafa sökunaut í hag verður hvorki talið sannað að ákærða hafi staðið ásetningur til þess að flytja inn fyrrgreind mótórhjól né að ákærða verði metið það til sakar á grundvelli stórfellds gáleysis, sbr. 1. mgr. 172. gr. tollalaga, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2005. Verður ákærði því sýknaður af refsikröfu ákærvalds að því er varðar innflutning á umræddum mótórhjólum.

Fram er komið að í gámnum var mikið magn af varningi, sem keyptur var á tímabilinu frá 17. til 27. júlí 2006 eða skömmu áður en búslóðinni var pakkað í gáminn. Nemur andvirði þessa varnings alls 676.933 krónum að frátöldu kaupverði mótórhjólanna tveggja. Ákærði hefur viðurkennt að hafa vitað af flatskjánum þremur og rafmagnsverkfærasettinu í gámnum, en andvirði þeirra nemur samtals 314.643 krónum. Þá er fram komið að ákærði vissi af nýju gasgrilli og verkfærasetti sem hann gerði sérstaka grein fyrir í fylgigögnum með

aðflutningsskýrslunni, en andvirði þeirra nemur samtals 95.147 krónum. Ljóst er því að ákærða var fullkunnugt um það við innflutning búslóðarinnar að í gámnum var mikið magn af varningi, sem fjölskyldan hafði nýlega fest kaup á. Er og ljóst að kaupverð þessa varnings var langt umfram þá heimild sem flytja má tollfrjálst til landsins sem búslóð.

Ákærði bar hins vegar hér fyrir dómi að hafa hvorki vitað af víninu né fartölvunum í gámnum, en eiginkona hans hefði komið þessum varningi fyrir í gámnum án hans vitneskju. Þegar ákærði var hins vegar spurður um það hjá lögreglu af hverju hann hefði ekki gert grein fyrir víninu í aðflutningsskýrslunni sagði ákærði að það hefðu verið mistök. Þá var ákærði einnig spurður að því af lögreglu af hverju hann hefði m.a. ekki gert grein fyrir fartölvunum tveimur. Svaraði ákærði því svo til að um hugsunarleysi hans og mistök hefði verið að ræða. Ekki er því fullt samræmi á milli framburðar ákærða fyrir dómi og hjá lögreglu um þetta atriði og þykir framburður hans því ekki trúverðugur að þessu leyti.

Fram hefur komið hjá ákærða, bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi, að hann hafi ekki vandað sig þegar hann gerði lista yfir innihald gámsins og því hafi hann t.d. gleymt að skrá flatskjána á innihaldslistann. Þá kvaðst ákærði ekki hafa leitað sér upplýsinga um það hvaða reglur giltu um innflutning búslóða. Loks kvaðst ákærði hvorki hafa rætt um innihald gámsins við eiginkonu sína né hafa skoðað lista, sem eiginkona hans hefði gert yfir búslóðina, en sá listi hefði síðar týnst.

Í 2. mgr. 32. gr. tollalaga segir að sá sem undirriti og láti tollstjóra í té skriflega aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjölum beri ábyrgð á því að þær upplýsingar sem þar komi fram séu réttar. Ennfremur beri hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem koma eigi að fram vegna tollafgreiðslunnar. Með vísan til þess sem að framan er rakið og vitneskju ákærða um mikið magn af nýjum og verðmætum varningi í gámnum þykir ákærði hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við gerð aðflutningsskýrslunnar og fylgigagna með henni við innflutning búslóðarinnar með því að þar var ekki gerð grein fyrir nema litlum hluta af hinum nýkeypta varningi. Fram kemur hins vegar í gögnum málsins að vörur þessar voru allar í órofnum verslunarumbúðum árituðum um dagsetningu afhendingar. Ákærði gerði því enga tilraun til að leyna því að um nýjar vörur var að ræða. Þykir því varhugavert að telja sannað að ákærði hafi brotið gegn 1. mgr. 172. gr. tollalaga af ásetningi.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um verknad þann sem greinir í ákæru, að undanskildu því að ekki er talið sannað að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að flytja inn mótörhjólin tvö né að ákærða verði metið það til sakar á grundvelli stórfellds gáleysis Samkvæmt öllu framansögðu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í ákæru, að undanskildum innflutningi á tveimur mótörhjólum, og er háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Í ákæru er tilgreint að með innflutningi á búslóðinni hafi ákærði ætlað að komast hjá greiðslu aðflutningsgjalda að fjárhæð 425.287 krónur. Áætluð aðflutningsgjöld þess varnings, sem ákærði er fundinn sekur um að hafa ætlað flytja til landsins án þess að greiða af þeim lögboðin gjöld, nema hins vegar 112.837 krónum. Fjárhæð þessi byggir á útreikningi tollstjóra er fram kemur á dskj. nr. 2, skjölum IV, 8-1, 9-1, 10-1, 11-1, 12-1, 13-1 og 13-2 og verður við hann miðað við ákvörðun sekta.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða hegðun. Í 1. mgr. 172. gr. tollalaga nr. 88/2005 er mælt fyrir um að sektir skuli nema að lágmarki tvöföldum aðflutningsgjöldum af því tollverði sem dregið var undan álagningu aðflutningsgjalda. Með vísan til þess er ákærða gert að greiða 230.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 16 daga.

Með vísan til 1. mgr. 181. gr. tollalaga nr. 88/2005 verður ákærða gert að sæta upptöku á 12 flöskum af rauðvíni af tegundinni Charles Shaw 2005, California Shiraz, 12 flöskum af hvítvíni af tegundinni Trellis Vineyards 2002, Sonoma Country Chardonnay, rafmagnsverkfærasetti af tegundinni De Walt, DC5KITA, 18 volt, Tool Combo Kit, einum flatskjá, 19 tommu, af tegundinni View Sonic VA912, Digital LCD Display, einni fartölvu af tegundinni Asus Model A8F, einni fartölvu af tegundinni Dell Model PP18L og einum flatskjá, 42 tommu, af tegundinni Sony Flat Panel Display 42 PV ásamt veggfestingu.

Í ljósi niðurstöðu málsins þykja ekki vera efni til að fallast á kröfu ákæruvalds um upptöku á tveimur Suzuki mótórhjólum.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns Jónssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin að fjárhæð 388.440 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, en helmingur skal greiðast úr ríkissjóði.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann F. Helgason, greiði 230.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 16 daga.

Upptæk eru 12 flöskur af rauðvíni af tegundinni Charles Shaw 2005, California Shiraz, 12 flöskur af hvítvíni af tegundinni Trellis Vineyards 2002, Sonoma Country Chardonnay, rafmagnsverkfærasett af tegundinni De Walt, DC5KITA, 18 volt, Tool Combo Kit, einn flatskjár, 19 tommu, af tegundinni View Sonic VA912, Digital LCD Display, ein fartölva af tegundinni Asus Model A8F, ein fartölva af tegundinni Dell Model PP18L og einn flatskjár, 42 tommu, af tegundinni Sony Flat Panel Display 42 PV ásamt veggfestingu.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns Jónssonar hdl., að fjárhæð 388.440 krónur, en helmingur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Ragnheiður Bragadóttir